



Þróun á endafrágangi brúarmannvirkja-Staðfærsla og eftirfylgni á þróun á endafrágangi brúarmannvirkja til að lágmarka viðhald vega við brúarenda – Áfangaskýrsla 2. Ingvar Hjartarson og Magnús Arason, Efla hf. – mars 2021.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Brúm án þensluraufa, þ.e. samfelldum- eða hlutasamfelldum brúm, hefur fjölgað á Íslandi undanfarna áratugi, sérstaklega fyrir brýr upp að 100 m lengd.

Algengasta sjáanlega vandamálið við brýr án þensluraufa eru sprungur eða dældir í slitlaginu viðbrúarenda. Orsakir skemmdanna í slitlaginu geta verið margslungnar en algengustu ástæðurnar eru láréttar hreyfingar brúarenda, mismuna sig jarðvegs, niðurbrots- og veðrunarvandamál og samþjöppun bakfyllingar.

Í fyrri hluta rannsóknarverkefnisins var farið yfir kosti og galla samfelldra-og hlutasamfelldra brúaásamt kynningu á tillögu að endurbættum brúarenda. Aðgerðirnar miða að því að búa til vegfyllingu við brúarendann sem getur fylgt hreyfingum brúarendans vegna hitabreytinga án þess að brotna niður, og dempa áhrif frá jarðþrýstingi sem hlýst af lengingu brúargólfs. Endurbættur frágangur brúarendans nýtir m.a. frauðplast, jarðvegsdúka, malbiksstyrkingar og innspennta sigplötu.

Í þessum hluta rannsóknarverkefnisins er viðhaldspörf brúa á höfuðborgarsvæðinu með mismunandi endafrágangi borin saman, breytti brúarendinn er staðfærður á samanburðarbrýr með klæðingu sem fyrirhugað er að byggja og vöktunaráætlun samanburðarbrúnna er kynnt.